STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2002

Nr. 162 370 1. mars 2002

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Malarrifi.

1. gr.

Frá og með 3. mars 2002 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar suðvestur af Malarrifi á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 29'70 N – 24° 33'00 V
2. 64° 30'80 N – 24° 26'40 V
3. 64° 30'00 N – 24° 25'60 V
4. 64° 28'60 N – 24° 32'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. mars 2002.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.